

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Borgarbyggð.

*Frístundabyggð Galtarholts 2, norðaustan golfvallar. Deiliskipulagsbreyting.*

Skipulagsfulltrúi, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar Galtarholts 2 frá árinu 2005, á fundi sínum 2. mars 2023. Breytingin tekur til fjölgunar frístundalóða, uppbyggingar golfbílavegakerfis, fækkunar leiksvæða o.fl. Markmiðið er að bæta aðstöðu í tengslum við gerð 9 holu golfvallar í frístundabyggðinni.

Skipulagsáætlunin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Borgarbyggð, 28. mars 2023.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Þóra Margrét Júlíusdóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfudagur: 13. apríl 2023